

Reykjavík, 13.  
september 2018  
R18070083  
1370

Forsætisnefnd  
b.t. Helgu Bjarkar Laxdal

*Ábendingar við drög að samþykktum fyrir ofbeldisvarnarnefnd*

Á fundi sínum dags. 10. september s.l. fór ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar yfir drög að samþykktum fyrir nefndina. Hjalögð eru drögin þar sem fram koma tillögur að breytingum sem samþykktar voru samhljóða á fundi nefndarinnar.

Halldóra Gunnarsdóttir

## Samþykkt fyrir ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### Verksvið

#### 2. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd ~~skal vera~~ borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu. Nefndin skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið hennar.

#### 3. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd er vettvangur samráðs Reykjavíkurborgar og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Ofbeldisvarnarnefnd er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflöknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

#### 4. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

### Skipan

#### 5. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð ~~7~~ <sup>7</sup>sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en ofbeldisvarnarnefndin kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Þá getur ofbeldisvarnarnefnd tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Ofbeldisvarnarnefnd getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflökka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

### Verkstjórn og verkaskipting

#### 6. gr.

Formaður ofbeldisvarnarnefndar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflöknum.

Ofbeldisvarnarnefnd er vistuð hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar; ~~rekstri og stjórnarsýslu skrifstofunnar.~~ Mannréttindafulltrúar fagsviða Reykjavíkurborgar eru tengiliðir við ofbeldisvarnarnefnd.

#### *Boðun funda og fundarsköp*

7. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd skal að jafnaði halda fund mánaðarlega, þ.m.t. opinn fund árlega með Borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

~~Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.~~

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi ofbeldisvarnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ofbeldisvarnarnefnd skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur henni til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

#### *Samráð*

9. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Nefndin skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í nefndinni sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Ofbeldisvarnarnefnd ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári auk sameiginlegs fundar með Borgarstjórn Reykjavíkur.

*Málsmeðferð*

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkur frá 16. júní 2015.

*Samþykkt í borgarstjórn*

*XX.XX.2018*